



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

ERINDISBRÉF STARFSHÓPS UM ENDURSKOÐUN Á NÚVERANDI FYRIRKOMULAGI Á REKSTRI ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Endurvinnslustöðvar sveitarfélaganna er liður í því að sveitarfélögin sinni skyldum sínum í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstur endurvinnslustöðva aðildarsveitarfélaga SORPU bs. er í dag í höndum byggðasamlagsins samkvæmt sérstöku samkomulagi sem gert var í janúar 2007.

Margvíslegar breytingar á flokkun, meðhöndlun og förgun úrgangs frá undirritun samningsins, ásamt þróun byggðar og atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu hafa leitt til þess að tímabært er að samningurinn, ásamt þeim verkefnum og úrlausnarefnum sem skilgreind eru í samningnum, sé tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Vegna þessa leggur stjórn SSH til við aðildarsveitarfélögin að stofnaður verði sérstakur starfshópur, skipaður þeim starfsmönnum sveitarfélaganna sem annast daglega umsjón og stjórn á þessu verkefni innan sveitarfélaganna til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á rekstri endurvinnslustöðvanna og til að móta tillögur um besta og hagkvæmasta fyrirkomulag þessarar starfsemi héðan í frá.

Hlutverk starfshópsins verður að fara yfir núverandi stöðu, greina þarfir og áherslur vegna reksturs endurvinnslustöðva sveitarfélaganna með megináherslu á eftirfarandi

- a) Skilgreining á þeim breytingum sem mögulega þarf að gera á núverandi móttöku og flokkun á endurvinnslustöðvunum og móta tillögur um hentugasta fyrirkomulag héðan í frá.
- b) Hagkvæmustu stærð og fjölda endurvinnslustöðva á svæðinu m.t.t. þjónustu og reksturs.
- c) Meta þörf á breytingu á þjónustutíma, gjaldskrá og öðrum þáttum í ljósi breyttra áherslna.
- d) Mat á þörf á samræmingu á áherslum og reglum sveitarfélaganna um flokkun og meðhöndlun þess úrgangs sem tekið er á móti á endurvinnslustöðvunum.
- e) Mat á hagkvæmasta rekstrarfyrirkomulagi endurvinnslustöðvanna, s.s.:
 - a. Áframhaldandi samningur við SORPU bs.
 - b. Útboð á rekstri endurvinnslustöðvanna undir öðru samstarfsformi.
 - c. Sveitarfélögin annist hvert og eitt rekstur endurvinnslustöðva á sínu svæði.
 - d. Aðrir kostir.

Starfshópurinn skal skila niðurstöðum og tillögum sínum til stjórnar SSH fyrir lok apríl 2017.

Þannig samþykkt á 441. fundi stjórnar SSH 13. mars 2017.